

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Tillaga til bæjarráðs um þátttöku Mosfellsbæjar í verkefninu *Fótbolti fyrir alla*

Dags: 15. ágúst 2024

Málsnúmer: 202408173

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Tillaga:

Lagt er til að Mosfellsbær taki þátt í verkefninu *Fótbolti fyrir alla* sem Afturelding hefur staðið að með faglegum stuðningi starfsmanna velferðarsviðs og menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviðs. Jafnframt er lagt til að Mosfellsbær verji allt að 500 þús. kr. til verkefnisins sem verði meðal annars nýttar til að standa straum af kostnaði við stuðningsþjónustu við iðkendur frá hausti til loka árs 2024. Þátttaka Mosfellsbæjar í *Fótbolta fyrir alla* getur þannig orðið ein af þeim aðgerðum sem unnið verður að í tengslum við aðgerðaáætlun verkefnisins Barnvænt sveitarfélag.

Verkefnið er hluti af stærra inngildingar verkefni á vegum íþróttahreyfingarinnar í heild sinni með fjárveitingu frá stjórnvöldum. Ofangreindum fjármuninum verður varið til þess að gera Aftureldingu kleift að útvega aðstoðarfólk fyrir iðkendur og standa straum af launakostnaði þeirra. Öðrum styrkjum til Aftureldingar vegna þessa verkefnis sem veittir eru af íþróttahreyfingunni er varið í laun þjálfara og kaup á búningum fyrir iðkendur.

Greinargerð:

Á Íslandi eru einungis 4% fatlaðra barna 17 ára og yngri að æfa íþróttir innan íþróttahreyfingarinnar. Því var nýverið hleypt af stokkunum verkefninu *Allir með* sem er samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar þ.e. Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Ísland og Íþróttasambandi fatlaðra. Verkefnið nýtur fjárstuðnings frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, heilbrigðisráðuneytinu og menningar- og barnamálaráðuneytinu og beinist að inngildingu fatlaðra í heim íþróttanna.

Hvatasjóður verkefnisins hefur yfir að ráða fjármunum sem er ráðstafað til íþróttafélaga sem bjóða upp á ný námskeið til inngildingar fatlaðra í íþróttastarfi. Afturelding hlaut 1 m.kr. styrk í vor úr hvatasjóði *Allir með* verkefnisins sem nýttur er til að greiða launakostnað þjálfara.

Verkefni Aftureldingar í sumar kallaðist *Fótbolti fyrir alla* þar sem boðið var upp á fótboltaæfingar á sunnudögum. Þar var boðið upp á æfingar fyrir börn með fötlun, hamlanir eða raskanir undir stjórn þjálfara. Æfingar sóttu að að jafnaði um fjögur börn og mikil ánægja var með verkefnið meðal forsvarsfólks Aftureldingar, barnanna og forráðamanna.¹ Verkefni Aftureldingar byggir á sambærilegum grunni og verkefni sem Stjarnan hefur haldið úti í Garðabæ undanfarin ár. Í Garðabæ hefur fjöldi þátttakenda vaxið ár frá ári og nú stunda tugir þátttakenda þessar æfingar reglulega hjá félaginu en í byrjun voru iðkendurnir fáir.

¹ https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/06/21/fotbolti_fyrir_alla_hja_umfa_i_mosfellsbae/

Afturelding áformar að bjóða upp á tvær vikulegar æfingar á haustönn, aðra á sunnudegi og hina í miðri viku sem hluta af því að útvíkka verkefnið í samvinnu við Mosfellsbæ. Mikilvægt er að þeir þátttakendur sem þurfa á stuðningi að halda njóti slíks og er áætlað að fjárþörf vegna þeirrar vinnu geti numið allt að 500 þ.kr. frá september til desember 2024. Komi til þess að bæjarráð samþykki fjárframlag af þeirri stærðargráðu vegna verkefnisins þá rúmast það innan fjárheimilda menningar-, íþrótt- og lýðheilsusviðs. Öðrum styrkjum til Aftureldingar vegna þessa verkefnis sem veittir eru af íþróttahreyfingunni er varið í laun þjálfara og kaup á búningum fyrir iðkendur.

*Virðingarfyllt,
Regína Ásvaldsdóttir
Bæjarstjóri*